

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um ábyrgð
á vernd barna gegn einelti.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

Hvaða aðilar sem heyra undir ráðherra bera ábyrgð á því að börn verði ekki fyrir einelti í ljósi þess að ráðherra fer með málefni leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, auk annarra skóla, sbr. 2. tölul. 7. gr. forsetaúrskurðar nr. 119/2018? Óskað er eftir því að tilgreindir verði allir aðilar sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir einelti og vernda þolendur þess, hvernig ábyrgð þeirra skiptist og samkvæmt hvaða lögum og reglum sú ábyrgð hvílir á þeim.

Skriflegt svar óskast.